ROYAL CROWN SOAP
Verðlaun gefin fyrir Coupons og umbúðir
Sendið eftir verðlista til Royal Crown Soap Ltd. 654 Main St., Winnipeg.

Heimskringla

PROVINCIAL LIBRARY MANITOBA
The Provincial Library Jan. 25

Verðlaun gefin fyrir Coupons og umbúðir
ROYAL CROWN SOAP
Sendið eftir verðlista til Royal Crown Soap Ltd. 654 Main St., Winnipeg.

XXXVIII. ÁRGANGUR. WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVIKUDAGINN 26. MARZ, 1924. NÚMER 26.

Canada.

Megn óánægja lætur víða til sín heyra út af öllu því óskapa skrafi, er þingmennirnir í Ottawa salla á sambandsþingið. Þeir eru nú á þriðju viku samfleytt að skrafa um framsögn ræðuna. Til sámanburðar má geta þess, að samskonar umræður í brezka þinginu stóðu að eins yfir í þrjá daga, nú nýlega er sá merkilegi viðburður í sögu Englands skeði, að verkamannastjórn í fyrsta skifti hófst til valda; og talaði engin lengur en í klukkutíma. Kannske mætti það hjálpa þessum málrófsmönnum hér, að sagt er, að leggja eigi loftskeytatæki inn í þingið, svo kjósendur, er vilja, megi heyra til þingmanna. Verða þeir þá máske svo tilhliðrunarsamir, að skytta ræður sínar, af ótta fyrir að sálga annars öllum kjósendunum.

Ráðgert er á sambandsþinginu, að hægt verði að minka ýmsa útgjaldaliði um hérumbil tuttugu og sjö miljónir dala. Það ætti þó altaf að létta ögn á skattborgendum, ef það þá reynist annað en fagrir loftkastalar. Útgjöldin við ríkisþjónustu verða minkuð að miklum mun, útgjöld við lögregluriddaraliðið um hérumbil sex hundruð þúsund dali, og til ríkisvarnar yfir eina miljón dala. Þá verða og um tuttugu og þrjú per cent af uppbótinni til þjónustumanna ríkisins skorin burt og útgjöld til akuryrkjumálaminkuð um eina, og einn fjórða part úr miljón. Útgjöld eru áætluð 400 miljónir, samanborið við 446 miljónir síðasta ár. Þá var sparað 19,500,000, svo ef nú tekst að spara annað eins eða meira, án þess að of tilfinnanlegt verði, má kalla betur farið en heima setið.

Mr. Colin H. Burnell segist hafa ástæðu til þess að ætla, að sánar hveitiekrur í Canada muni verða 35 per cent víðáttuminni, en í fyrra. Kveðst hann ráða þetta af skýrslum hinna 800 samvinnufélagssmala er sendir hafa verið út um sveitir. Smölunin gangi vel og séu beztu horfur á að ein miljón ekrur náist inn í samvinnufélagsskapinn. Einn maður t. d. náð saman hátt á fjórða þúsund ekrum og margir hafi náð saman um tveim þúsundum Býst bráðabyrgðar forstöðunefnd samvinnufélagsins við að boða til fundar í kring um 11. apríl næstkomandi, en þá er búist við að smölun muni að mestu lokið.

Önnur lönd.

BANDARÍKIN.

Olíunefnd öldungaráðsins stefndi Harry F. Sinclair í fyrradag fyrir fyrirlitningu á nefndinni og á öldungaráðinu, þar eð hann hefði þrjózkast við að svara spurningum nefndarinnar. Öldungaráðið ákvað þegar, að fara skyldi að Sinclair að lögum samkvæmt þessari ásökun og finni hæstiréttur hann sekan, vofir yfir honum sakamál og fangelsisvist, þar til hann segir frá ráðagerðum þeim, er hafa farið á milli hans og Fall, fyrverandi innanríkisráðgjafa, er leigði honum flotaolíulindirnar í Wyoming. Sömuleiðis hafa Owen J. Roberts og Atlee Pomerene, sérfræðisráðgjafar stjórnarinnar, gert heyrum kunnugt, að stjórnin muni gjafar stjórnarinnar, gert heyrum höfuðaðiljum í olíusamningshneykslinu", þ. 10. apríl næstkomandi.

Ennfremur kom sú símfregn í gær frá Washington, að þingmaðurinn Oliver hafi komið fram í þinginu með svohljóðandi skýrslu um hvernig dauða Jesse Smith hafi borið að höndum í herbergjum Daugherty dómsmálaráðgjafa, í síðastliðnum maímánuði, en Smith þessi var hægri hönd Daughertys í olíumálinu og ýmsum öðrum fjáráttarmálum, og um leið bezti vinur hans, að því er ekkja Smiths hefir skýrt olíunefndinni frá:

"Hann var skotinn gegnum höfuðið, í herbergjum dómsmálaráðgjafans, en óvíst hvort það var morð eða sjálfsmorð.

"Engin líkskoðun eða réttarrannsókn átti sér stað. Jarðarförinni var hraðað sem mest.

"Það er nú fullsannað, að Jesse Smith mokaði saman fé á whiskysölu, fjárdrætti á hnefaleiks kvikmyndum og öðrum fjárglæfrum. Hann féll frá, þegar átti að setja rannsóknardóm yfir stóreflis whiskysmyglafélagi í New York.

"Og hann arfleiddi dómsmálaráðgjafa Bandaríkjanna að aleigu sinni fenginni með fjárdrætti".

Langmerkasti mentamálafrömuður Bandaríkjanna, Dr. Charles W. Eliot, fyrrum forstjóri Harvard háskólans mikla í 40 ár, varð nírræður um daginn. Bárust honum heillaskeyti þann dag frá forsetanum og ýmsum helstu menningarfrömuður Bandaríkjanna og annara landa. Dr. Eliot heldur enn andlegu fjöri og starfskröftum. Hann var það aðallega er gerbreytti fyrirkomulaginu á amerískum háskólum um og eftir 1870 og kom á því lestrarlagi, er ríkir þar enn í dag. Ymsum Íslendingum er Dr. Eliot að góðu kunnur.

Frá Washington er símað, að Wallace landbúnaðarráðherra hvetji bændur til þess að minka hveitiekrur sínar í ár en rækta því meir af öðrum korntegundum. Er gizkað á, að þetta hafi þau áhrif, að vorhveitiframleiðsla Bandaríkjanna verði 14% minni en í fyrra. Aftur á móti er búist við að maísframleiðslan aukist um 3% og byggframleiðsla um 9%. Þar á mót er búist við að rúgframleiðsla muni aðeins nema 4/5 pörtum af uppskeru ársins er leið.

GRIKKLAND.

Frá Aþenuborg er símað í gær, að þjóðþingið hafi samþykt að reka Glucksborgarættina frá völdum í Grikklandi, og setja á fót lýðveldi. Þessi ákvörðun var samþykt í einu hljóði og gengur strax í gildi, en alþjóðaratkvæði þarf samt til þess að samþykkja lýðveldisstofnun.

Glucksborgarættin hófst til valda í Grikklandi með Georg I. syni Kristjáns níunda Danakonugs, árið 1862.

ÞÝZKALAND.

Fréttir berast frá Þýzkalandi, að keisarasinnar séu sem óðast að búa sig undir forsetakosningar, og hafi fylkt sér utanum Tirpitz aðmírál, sem kunnur er frá stríðinu mikla. Standa að þessu aðalsmannaflokkarnir í Prússlandi og Bæjaralandi, og Stinnes talinn standa á bak við hreyfinguna með fjármagni sínu. Í Englandi og Frakklandi er hinn mesti úlfaþytur út af þessu, sem vonlegt er. Telja blöðin þar líklegt, ef Tirpitz næði kosningu, að keisaradæmið yrði sett á stofn aftur eða reynt til þess, og er það ekki ósennilegt. Þar að auki er ekkert sennilegra, en að borgarastríð myndi hljótast af, ef keisarasinnar ynnu, því auðheyrt er á lýðveldissinnum, að þeir ætla sér að láta hinum verða full-

---

FRÁ ÍSLANDI.

FRÁ ALÞINGI.

Stjórnarfrumvörpin eru heldur í færra lagi. Forsætisráðherra vekur upp nokkur af frv. mentamálanefndarinnar sælu og flytur aftur frv. um sameining yfirskjalavarðar og landsbókavarðarembættisins. Atvinnumála- og fjármálaráðherra flytur frv. um breyting á brúalögum, vegalögum, um niðurlagning mælitækja- og vogaráhalda stofnunarinnar, um vatnsorkusérleyfi, hjúalög og hin venjulegu fjárlög og fjáraukalög o. fl. Rúmrar hálfrar miljónar króna tekjuafgangur er á fjárlögunum frá hendi ráðherrans. Auk þessa getur ráðherra þess í ræðu þeirri, sem birt er hér í blaðinu, að hann hefir unnið að undirbúningi frv. um bann á innflutningi ónauðsynlegs varnings. — Þingmannafrv. eru fá enn. Framsóknarflokksmenn flytja stjórnarskrárbreytingu í Ed. um þing annaðhvert ár og 2 ráðherra. Jón Magnússon flytur frv. sem fer í líka átt. Hann vill hafa einn ráðherra og stofna aftur landritaraembættið. Ennfremur kemur hann með hin alóhæfu ákvæði um lenging kjörtímabilsins í 6 og 12 ár. — Bjarni frá Vogi kemur aftur með 3 frv. sín er hann flutti um mannanöfn, breyting á mentaskólanum og kosningarögunum. — Tr. Þ. flytur frv. um að annað prófessorsembættið í guðfræði við Háskólann verði sameinað biskupsembættinu og að numin séu úr gildi lögin um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Enn flytur hann með Jörundi Brynjjólfssyni og Benharð Brynjjólfssyni og Bernharð grískudósentsembættisins, og Jörundur, Bernharð og Ingólfur Bjarnason flytja frv. um afnám vinnuvísindaprófessorsembættisins. — Jón Magnússon flytur frv. um að fækka hæstaréttadómurum.

Engu verður enn spáð um væntanleg stjórnarskifti. Hafa viðræðurnar meðal annars tafið Morgunblaðsmennina að standa við orð Morgunblaðsins um að flokkur þessi muni mynda meiri hlutastjórn.

("Tíminn.")

SKEMDIR AF OFVIÐRI.

Seinast í janúar gerði hið mesta fárviðri á Vesturlandi og hlaust af mikið tjón. Víðast varð eitthvað að og nemur skaðinn tugum þúsunda þegar saman kemur. Í Súgandafirði fauk þinghúsið af grunni, stórt íveruhús, fjórar hlöður á Suðureyri; hlöður fuku auk þess í Vatnsdal og á Laugum, bátur á Gelti, brúin af Staðará o. fl. Í Önundarfirði fauk forðabúrshlaða, fjós á Vífilmýrum, hlaða á Veðrará, tvær hlöður hjá Hólmgeiri dýralækni á Þórustöðum, hlaða á Þorfinnsstöðum o. fl. Í Dýrafirði misti Friðrik á Mýrum hlöðu, hjá Ólafi kennara á Þingeyri fauk hlaða, hjallur og pakkhús o. s. frv. Fauk yfirleitt alt sem lauslegt var, og má segja, að ekki sé ein báran stök, því nóg eru menn aðþrengdir fyrir af óhagstæðri verzlun og margra ára fiskileysi. Kirkjan fauk á Sæbóli á Ingjaldssandi.

INFLUENSAN

er nú að réna í Reykjavík. Hefir reynst væg.

GRÆNLANDSDEILAN.

Nú hefir dansk-norsk nefnd setið á rökstóum og reynt að leysa úr Grænlandsmálinu. Tillögur hennar eru nýlega komnar út, en hvorugt þingið hefir samþykt þær enn. Niðurstaðan er sú, að samning má gera til 20 ára milli Dana og Norðmanna um veiðirétt við Austur-Grænland. Strandlengjan nálega öll verður með vissum óbrotnum skilyrðum opin til afnota fyrir allar þjóðir. Fáir munu nota sér þennan rétt nema norskir veiðimenn og ef til vill Íslendingar: Hafa Norðmenn líka með baráttu sinni mest til fengsins unnið. — En í aðalmálinu, um eignayfirráð Grænlands, hafa Danir hvergi látið undan síga. Nefndin sá, að um það mál varð engu um þokað. Hafa Norðmennirnir þá snúið sér að því, sem næst best var, að tryggja sér aðstöðu til veiðar við austurströnd Grænlands. En vesturströndin er enn harðlokuð fyrir öllum nema Grænlandsfélaginu danska. En með hverju ári gerast háværari þær raddir meðal frjálslyndra manna í Danmörku, sem vilja að landið sé opnað.

Aldrei mun geta komið til styrjaldar með frændþjóðunum, Dönum og Norðmönnum, hvorki út af Grænlandi eða öðrum málum. En bróðurhugurinn milli þessara þjóða hefir kólnað meir en fyr hefði þótt líklegt, við átökin um Grænland.

SKÓLINN AUSTANFJALLS

Töluvert kapp virðist komið í menn í Árness- og Rangárvallasýslu um Suðurlandsskólann, eigi síst um það, hvar skólinn eigi að standa.

Almennur hreppsfundur í Laugardalshreppi ákvað að leggja fram 10 þúsund krónur til skólans, ef hann yrði bygður á Laugarvatni. Eru færð mörg og þungvæg rök fyrir kostum jarðarinnar til skólaseturs.

1. Ágætir hverir eru þar, sem vafalaust myndu fullnægja allri eldsneytisþörf skólans og sem að áliti verkfræðings, myndu hentugir til framleiðslu rafurmagns. Sundlaug er þar nýbygð og mörg önnur þægindi fylgja hverunum.

2. Rétt við hverinn er ágætt skólahússtæði, stutt á klöpp og nægur sandur og möl til steypu.

3. Jörðin liggur vel við samgöngum. Stutt er á læknissetur.

4. Ágætt veiðivatn er á jörðinni. Silungaklak þar nýbyrjað. Mætti gera ráð fyrir nægri soðningu handa skólanum og auk þess stutt til annara veiðivatna (Apavatns og Þingvallavatns).

5. Náttúrufegurð er eins og best getur, fjallasýn frábærlega fögur og skógur í dalnum

6. Loks má þess geta, ræki skólinn bú á jörðinni, hefir hún stórt og vaxtarað tún, ágætar engjar og mjög víðáttumikið beitiland.

ÁSTANDIÐ Í REYKJAVÍK.

Fregnirnar sem borist hafa úr Reykjavík í haust hljóta að vera mörgum manni áhyggjuefni. Annarsvegar atvinnuleysi meira en nokkru sinni áður og háværar raddir um nýjar lántökur hins stórskuldugа bæjar, til atvinnubóta. Hinsvegar að búðadýrðin er aldrei meir en nú, aldrei meiri innflutningur á óþarfavarningi og aldrei jafnmargir menn, sem ætla sér að lifa af verzlun.

Og alt af fjölgar fólki í bænum. Mikið reist af húsum í sumar. En engu að síður sömu húsnæðisvandræðin.

Hversu lengi á þetta að ganga svo?

Vitanlega verður það að taka enda, að menn þyrpist til Reykjavíkur og svo eigi það opinbera að sjá þeim fyrir atvinnu. —

Nýkomin fregn frá Kaupmannahöfn hermir, að þar í borg hefir borgarstjórnin ákveðið að nota lagaheimild sem til er til að hindra innflutning í borgina utan af landsbygðinni. Framkvæmdin verður með þeim hætti, að húseigendum er bannað að leigja, nema með samþykki borgarstjórnar, því fólki, sem áður bjó utan borgar. Enn eru ákvæði um að mega vísa fólki burt úr bænum, sem nýlega er sest að. Alt að 10 þúsund króna sekt liggur við broti fyrir báða, húseiganda og leigjanda. —

Löggjöf í líka átti sem þessa er nauðsynleg bæði fyrir Rvík og fyrir landið.

Ef svo fyndist eitthvert ráð til að fækka verzlununum, þannig að ekki yrði nema t. d. einn tíundi eftir, væri stórum skift til bóta.—("Tíminn").

Af utanför til Svíþjóðar og Noregs.

Eftir
dr. Jón Helgason biskup.

I.

Í fyrirsögninni hefi eg aðeins nefnt Svíþjóð og Noreg, en slept Danmörku, enda er hún ferðasögu minni óviðkomandi, nema sem viðkomustaður á leiðinni til landanna hinna, en þangað var förinni heitið að þessu sinni. Til Svíþjóðar hafði eg þegið tvö heimboð annað frá "Dómkirkjuráðinu" í Lundi, þess efnis að vera við áformuð hátíðahöld, í tilefni af 800 ára afmæli dómkirkjunnar þar í bænum, hitt frá nefnd háskólamanna úr guðfræðingadeildinni þar, þess efnis að taka þátt í "norrænu vísindalegu trúmálaþingi, sem halda átti í sambandi við Dómkirkjuhátíðaböldin, og flytja þar erindi um einhvern þátt úr kirkjusögu Íslands. Próf. S. P. Sívertsen hafði og verið boðið á þing þetta, en hann gat ekki sint því vegna annara ferðalaga, sem hann hafði áformað í sumarleyfi sínu. En auk þessara heimboða hafði eg þegið hið þriðja frá félaginu "Norden" í Kristjaníu, þ. e. hinni norsku deild þessa félagsskapar, sem stofnaður hefir verið fyrir Norðurlönd öll, og einnig á sér deild á Íslandi. Tilgangur þessa heimboðs var sá að eg flytti þar erindi um Ísland vorra tíma, annað í Kristjaníu og hitt í Björgvin. Auk þess hafði eg, áður en að heiman fór, fengið tilmæli frá norsku stúdentafélagi um að flytja þar erindi um íslenzk efni, er eg kæmi til Kristjaníu.

En eins og eg tók fram, varð eg að leggja leið mína um Kaupmannahöfn og af því svo stóð á skipaferðum, átti eg þar átta daga dvöl. Hafði eg hugsað gott til þeirrar dvalar, því að engin borg í víðri veröld er mér kærari en Kaupmannahöfn, enda á eg þar fleira vina og vandamanna en í nokkrum öðrum stað erlendis. En þá vildi svo óheppilega til, að þegar þangað kom, kendi eg megnasta lasleika, svo að eg var varla kominn á dvalarstað minn þar í borginni, hjá Hoffmeyer stiftprófasti á Friðriksbergi, fyr en eg varð að biðja um að mega fara í rúmið. Reyndist þá svo

(Framh. á 5. bls.)

HLUTHAFAFUNDUR
The Viking Press, Limited.

Föstudaginn 4. apríl verður hluthafafundur haldinn í hlutafélaginu "Viking Press", á skrifstofu félagsins, 853 Sargent Ave., Winnipeg.

Rædd verða mál viðvíkjandi hag félagsins og hluthafar alvarlega ámintir um, að sækja fundinn.

Dagsett 25. marz, 1924.

S. Þorvaldsson, forseti. Rögnv. Pétursson, skrifari.